

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga mánudaginn 9. febrúar kl. 10.30. Fundurinn var haldinn á skrifstofu FV og í síma frá Bíldudal, Bolungarvík og Hólmavík. Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir formaður (Bíldudal), Baldur Smári Einarsson (Bolungarvík), Ingibjörg Emilsdóttir (Hólmavík) og Sigurður Hreinsson. Daníel Jakobsson boðaði forföll og varamaður hans Jónas Þór Birgisson var einnig forfallaður. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fundinn.

1. Fundargerð stjórnarfundar 2. febrúar 2015

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar 2. febrúar 2015, fundargerðin hafði áður verið send út og staðfest í tölvupósti, en óskast nú formlega staðfest. Stjórn staðfestir fundargerð.

2. Samningur um sóknaráætlun Vestfjarða

Lögð fram lokadrög samnings um sóknaráætlun Vestfjarða dags 3. febrúar, sem byggir á drögum að samningi sem kynntur var á fundi stjórnar þann 2. febrúar s.l..

Samningurinn er einn átta samninga um sóknaráætlun landshluta sem atvinnu og nýsköpunarráðuneytið og mennta og menningarmálaráðuneytið gera við landshlutasamtök sveitarfélaga. Framlög atvinnu og nýsköpunarráðuneytis nemur kr 51.924.164,- og mennta og menningarmálaráðuneytis kr 29.666.562,- eða alls kr 81.590.726,-. Þar að auki koma framlög sveitarfélaga á Vestfjörðum kr 7.910.000,- sem er sameiginlegt framlag sveitarfélögin á Vestfjörðum leggja að lágmarki til menningarmála.

Rætt um stöðu málsins á grundvelli umræðu á fyrri fundum stjórnar og umsögnum FV varðandi drög að samningi um sóknaráætlun Vestfjarða.

Formaður gerði tillögu um að stjórn gefi formanni heimild til að undirrita samning um sóknaráætlun Vestfjarða við atvinnu og nýsköpunarráðuneytið og mennta og menningarmálaráðuneytið á fundi sem boðað er til í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu, Reykjavík, þann 10. febrúar 2015. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

Kynnt beiðni Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál. Þess er óskað að umsögn berist eigi síðar en 20. febrúar nk.

Framkvæmdastjóri upplýsti að leitað hefur verið áhlits sveitarfélaga á Vestfjörðum til þessa máls og er beiðið eftir viðbrögðum þeirra. Einnig verði að leita eftir afstöðu ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða sem er hluti af starfsemi FV. Skoða þarf málið að nýju þegar umsögn þessara aðila liggur fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.00